

Föstudaginn 2. janúar 1998.

Nr. 513/1997.

Ríkislögreglustjóri

gegn

Jóhanni Stefánssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 1997 um að banna varnaraðila brottför af landinu til föstudagsins 30. janúar 1998 kl. 16.00, jafnframt því sem honum var gert að halda sig innan umdæma lögreglustjóranna í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara, að sér verði einungis bönnuð brottför af landinu. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu ákvörðunar.

Varnaraðili átti lögheimili í Frakklandi, er rannsókn hófst vegna fjársvikabrota þeirra, sem honum eru gefin að sök og hann hefur játað að hafa framið. Hefur hann sætt takmörkunum á ferðafrelsi frá 10. október 1997. Á því tímabili hefur hann gefið ýtarlegar skýrslur fyrir lögreglu vegna málsins, en ákæra á hendur honum hefur ekki enn verið gefin út. Samkvæmt greinargerð hans fyrir Hæstarétti á hann nú lögheimili á Akureyri, þar sem honum hafi boðist starf.

Pegar framangreint er virt, þykir rétt að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að banna varnaraðila brottför af landinu. Af hálfu sóknaraðila hafa hins vegar ekki verið færð viðhlítandi rök fyrir nauðsyn þess, að varnaraðili haldi sig á ákveðnu landsvæði. Verður þeirri kröfu hans því hafnað.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Jóhanni Stefánssyni, er bönnuð brottför af landinu til föstudagsins 30. janúar 1998 kl. 16.00.
